

MÁ EKKI FJALLAEGJA

HAUKADALSÁ LIKANTILRAUNIR

**GERT FYRIR
VATNAMÆLINGAR OS**

**ORKUSTOFNUN STRAUMFRÆÐISTÖÐ
NEA HYDRAULIC LABORATORY
REYKJAVÍK ICELAND**

MÁ EKKI FJALLA ÆGJA

ORKUSTOFNUN

STRAUMFRÉDISTÖÐ

MÁ EKKI FJALLA ÆGJA

HAUKADALSÁ LIKANTILRAUNIR

**GERT FYRIR
VATNAMÆLINGAR OS**

JÓNAS ELÍASSON

BJÖRN ERLENDSSON

GUNNAR GUNNARSSON

OSSFS 7505

OSROD 7512

APRÍL 1975

E F N I S Y F I R L I T

	bls.
1. Formáli og ágrip	1
2. Fyrirkomulag tilrauna	3
3. Kalibrering á líkani	4
4. Framkvæmd tilrauna	6
5. Niðurstöður	7

M Y N D S K R Á

1. Dýptarmæling.
2. Lokamæling.
3. Mæling á lykli.
4. Langsnið.
5. Lykill í log-log kvarða.
6. Bakvatn.
7. Mæling á lykli.
Útrennsli úr Haukadalsvatni.
8. Haukadalsá, líkanbygging.
9. " "
10. Horft upp eftir ánni. Rennsli $6 \text{ m}^3/\text{s}$.
11. " niður " " " "
12. " upp " " " " $70 \text{ m}^3/\text{s}$.
13. " niður " " " "
14. " upp " " " " $140 \text{ m}^3/\text{s}$.
15. " niður " " " "

1. Formáli og ágrip

Áður en Straumfræðistöð Orkustofnunar var byggð, var athugað hvaða verkefni kæmu helst til greina fyrir hana, og var þá meðal annars rætt um möguleika á að byggja líkön af rennslismælistöðum og mæla upp lykla.

Tilgangurinn með sílum mælingum yrði að fá lykil fyrir hærra og/eða lægra rennsli en náðst hefðu mælingar á, á rennslismælistaðnum sjálfum. Með því mundu sparast margar og ef til vill margar árangurslausar ferðir hjá Vatnamælingamönnum á einn og sama rennslismælistað, því hátt og lágt rennsli eru tiltölulega sjaldgæfir atburðir, og standa stutt.

Forsenda þess, að slikt sé hægt, er að vatnshæðarmælirinn sé stöðugur, það er að hið ráðandi þversnið breytist ekki, en einmitt á þann hátt eru vatnshæðarmælar staðsettir af vatnamælingum, sé þess nokkur kostur.

Nákvænnin í þessum mælingum er allnokkru minni en í mælingum á sjálfum staðnum, eins og að líkum lætur. Ennfremur þarf að nota allmargar rennslismælingar til að stilla líkanið, en þessar rennslismælingar mega vera af algengasta rennslinu.

Að frumkvæði Sigurjóns Rist, vatnamælingamanns var síðan ákveðið að gera líkan af Haukadalsá í Döllum. Þar vantaði lykil á allnokkru rennslisibili, þó ekki stærra en svo að góður samanburður var mögulegur milli líkanmælinganna og rennslismælinganna á staðnum og nákvæmni og hentugleiki þessarar aðferðar til að mæla lykla mundi koma vel fram.

Líkanið var síðan byggt og tilraunirnar gerðar eftir mælingum og fyrirsögn vatnamælingamanna, svo sem fram kemur í skýrslu þessari. Niðurstöður eru helstar:

Góð mæling náðist af lyklinum við rennsli $0 - 140 \text{ m}^3/\text{sek.}$ (Mynd 3). Mæling á bakvatnsáhrifum sýna, að þau eru engin teljandi, þegar bakvatnsborð er neðan við eða jafnhátt rennslismæli.

Mæling var gerð af sambandi vatnshæðar og rennslis út úr sjálfu vatninu (Mynd 7).

Samanburður við reikninga sýnir, að hið ráðandi þversnið er stöðugt, miðað við reikningslega þröskuldshæð 128 sm í kerfi vatnamælinga (Mynd 4 og 5).

Nákvæmni aðferðarinnar er góð, frávik mælinga í líkani eru ekki meiri en frávik á rennslismælingum innbyrðis (Mynd 3).

2. Fyrirkomulag tilrauna

Mælingar voru framkvæmdar í likani sem byggt var í kvarða 1:25, sú mæling af ánni, sem lögð var til grundvallar, er framkvæmd af Eberg Ellefsen hjá Vatnamælingum OS og eru mæli-niðurstöður og útreikningur af þeim varðveisstur hjá Straumfræði-stöðinni.

Líkanið er sýnt á mynd nr. 1. Líkanið er byggt þannig að naglar voru negldir á planka, einn planki fyrir hvert þversnið í ána sem mælt var. Plankarnir voru síðan settir saman á gólfí Straumfræðistöðvarinnar í réttri innibyrðis afstöðu og settir í rétta hæð. Utanmeð voru móraðir upp veggir og þéttir með steypupéttiefni. Síðan var líkanið fyllt af sandi, en síðan steypt 4. sentimetra lag yfir, og yfirborð þess látið fylgja áðurnefndum nöglum. Yfirborð líkansins var síðan þétt með þéttiefni.

Mælingar í líkaninu voru framkvæmdar sem rennslismælingar og vatnshæðarmælingar. Rennslimælingarnar voru framkvæmdar í mæliyfirfalli Straumfræðistöðvarinnar, sem mærir rennsli með meira en 1% nákvæmni á því rennslissviði, sem notað var. Vatnshæðarmælingar voru flestar framkvæmdar í brunni, sem tengdur var með plastslöngu við þann stað í líkaninu, sem samsvarar endanum á því röri, sem tengir mælibrunn Vatnamælinga við ána, vatnshæðarmælingar þessar eru því beint sam-bærilegar við niðurstöður vatnamælinganna. Aðrar vatnshæðar-mælingar voru framkvæmdar í vatninu sjálfu og fyrir neðan likan til könnunar á innrennslisskilyrðum og útrennslisskilkil-yrðum.

Strax við fyrstu mælingar kom í ljós, að líkanið var ekki nágu hrjúft. Kom þá Sigurjón Rist og Vatnamælingamenn og var möl dreift í ána samkvæmt þeirra fyrirsögn. Var mölin höfð af þeim stærðarflokki, sem svarar til stærðar á

botngrjóti í ánni, í kvarða 1:25. Er því var lokið var mölin fest með því að sprauta yfir hana acryllakki. Slikt er að jafnaði nauðsynlegt í slikum tilraunum sem gerðar eru eftir Froudes likanlögmáli, en þá verður Reynoldstala líkansins lægri en fyrirmynadarinnar í hlutfallinu líkankvarðinn i veldinu 1,5.

3. Kalibrering á líkani

Við kalibreringu á líkaninu var notaður lykill Vatnamælinga. Til grundvallar honum liggja þær rennslismælingar sem hér eru birtar:

Mæling dags.	vatnshæð sm	rennsli m^3/sek
7.8.1956	132	1,67
19.8.1957	148	5,22
19.11.60	131	1,65
15.6.65	151	6,70
24.7.67	136	2,40
13.5.1970	181.5	26,60
7.9.70	153	6,70
25.6.73	172	15,3
16.8.73	151	6,30
31.8.73	148	5,10
8.6.74	154	6,2
3.8.74	134	1,4
3.8.74	114	0

Við fyrstu rennslismælingar i líkaninu kom í ljós að líkanið gaf meira rennsli við gefna vatnshæð en vera átti samkvæmt þessum lykli. Þetta táknað að steypan í líkaninu er ekki nógur hrjúf. Í sjálfri ánni eru ójöfnur botnsins aðallega grjót, en það liggur ekki jafndreift yfir botninn heldur á ákveðnum svæðum. Til þess að rétt rennsli náiist við allar vatnshæðir,

sem máli skipta verða tilsvarandi svæði í líkaninu að vera þakin grjóti, og þau sem eru það i fyrirmynndinni. Til að fá réttann hrjúfleika í líkanið var til kvaddur Sigurjón Rist og vann hann ásamt vatnamælingamönnum, Eberg Ellefsen og Davíð við að þekja rétta staði í ánni með möl af hæfilegri stærð. Var verkinu hagað þannig að fyrst var lagt lítið af möl og mælt hvort rennslismælingar þössuðu við lykil. Malarsvæðunum var síðan smábreytt uns allar rennslismælingar þössuðu við lykilinn. Eftir allnokkra vinnu tókst að fá líkanið til að gefa sömu niðurstöðu og allar rennslismælingar lykilsins, nema ein mæling dags. 25.6.1973 172 sm $15.3 \text{ m}^3/\text{sek}$. Líkanið gaf niðurstöðu sem svarar $3 \text{ m}^3/\text{sek}$ hærra rennsli við þessa vatnshæð, þetta er það lítil skekkja að margar orsakir geta verið að henni svo látið var kyrrt liggja og ekki frekari skýringa á henni leitað enda allar aðrar rennslismælingar lykilsins komnar fram í líkaninu með góðri nákvæmni, næst . Stærsta skekkjan reyndist vera um $1.5 \text{ m}^3/\text{sek}$.

Þegar þessum aðgerðum var lokið var mölin fest með því að sprauta yfir hana örþunnu lagi af acryllakki. Slikt gerir kornin hálari og vinnur þannig á móti minnkun Reynoldstölunnar. Áhrif minnkaðrar Reynoldstölu eru aðallega þau, að núningurinn (skin friction) verður hlutfallslega of stór, þannig að líkansteinar þyrftu að vera úr þyngra efni en venjulegt grjót til að fara ekki af stað við mikið rennsli.

4. Framkvæmd tilrauna

Fyrsta atriði mælinganna var að mæla upp lykilinn. Samkvæmt ósk Vatnamælinga var hann mældur upp að rennsli $140 \text{ m}^3/\text{sek}$, sem er allt að sex sinnum meira rennsli en hæsta rennslismæling sem náðst hefur til þessa. Var mælt fyrir vaxandi og minnkandi rennsli til að útrýma sem best hugsanlegum mæliskekkjum. Enginn marktækur munur fannst á hegðun líkansins fyrir vaxandi og minnkandi rennsli, sem gefur til kynna að mælibversniðið sé ráðandi þversnið á öllu því rennslissviði sem athugað var. Niðurstöður eru sýndar á mynd 3. Rennslismælingar á lykli eru þar einnig til samanburðar.

Þessi mæling var endurtekin með nokkuð reglulegu millibili meðan á öðrum mælingum stóð til að fygljast með, hvort líkanið breytti sér eitthvað. Reyndist líkanið stöðugt meðan á mælingum stóð.

Næsta atriði mælinganna var að athuga bakvatnsáhrif. Notuð var sú aðferð að settur var þróskuldur í útrennslið og vatnshæðir á rennslinu yfir þróskuldinn og á rennslismælistastaðnum mældar samtímis. Þessi mæling var endurtekin fyrir 3 hædir á þrosuldinum og sýna þar með hvað bakvatn þarf að standa hátt til að lykillinn truflist.

Að lokum var mælt í stöðuvatninu. Ljóst er að útrennslið frá stöðuvatninu fer um ráðandi þversnið, svo vatnshæðarmælingar í vatninu jafngilda rennslismælingum svo framarlega sem útrennslissniðið úr vatninu breytir sér ekki. Var lykillinn fyrir útrennslið mældur upp sem síðasti liður tilraunarinnar ef vera kynni að hagræði yrði talið að því að setja vatns-hæðarmæli í vatnið einhverntíma í framtíðinni.

5. Niðurstöður

Hinn nýji lykill er sýndur á mynd 3. Hann gefur lítið eitt minna rennsli en sá sem notaður hefur verið fram að þessu, eftir að komið er upp fyrir rennslismagn $50 \text{ m}^3/\text{sek}$ eða þar um bil.

Til að athuga áreiðanleika hins nýja lykils var gerð athugun á eiginleikum rennslisins. Á mynd 4 er sýnt langsnið í mælinguna, sem líkanið er byggt eftir. Hin mældu snið eru teiknuð inn og vatnsborðið, einnig er sýnt meðaldýpið í hverju sniði og það dýpi sem myndi vera ef farvegurinn væri jafnbreið renna 42 m á breidd, en það er breidd farvegsins á þeim stað þar sem ráðandi þversnið er. Kemur í ljós að rennslið er rennsli yfir þröskuld, og er dýpið á þröskuldinum 0.265 m að meðaltali. Reiknuð er Froudes tala fyrir rennslið

$$Fr = \frac{V}{\sqrt{gD}} = \frac{Q}{B \cdot D \cdot \sqrt{gD}} = 0.59$$

Í ráðandi þversniði er raunverulega Froudes tala

$$Fr = 1$$

Sé reiknað með þessu fast að dýpið þarf að vera

$$D = 0.19 \text{ m}$$

Mismunurinn á þessu dýpi og hinu raunverulega er jaðarlagsþykktin (boundary layer displacement thickness). Reikningsleg þröskuldhæð verður þá

$$H = 14' - 0.19 = 128 \text{ sm}$$

Ef hið ráðandi þversnið er stöðugt, og ef hægt er að skrifa þversniðsflatarmálið, sem veldisfall af dýpinu verður rennslið líka veldisfall af vatnshæðinni yfir þröskuld. T.d. ef þversniðið er parabóla fæst

$$Q \sim A \cdot V \sim B \cdot D \cdot V \sim \sqrt{D} \cdot D \cdot \sqrt{gD} \sim D^2$$

Á mynd 5 er rennslið Q sett út á móti h-128. Fyrir rennsli $Q > 10 \text{ m}^3/\text{s}$ kemur fram bein lína með hallanum 1:1.9 sem sýnir, að þversniðið er ráðandi þversnið sem er í lögun nokkurnvegin eins og parabóla.

Á mynd 6 er mæling af bakvatnsáhrifum. Stöður I, II og III eru mismunandi hædir á útrennslisþröskuldinum. Ferillinn fyrir stöðu I er sá sami og lykillinn á mynd 3 og engin bakvatnsáhrif eru í þeiri stöðu. Við mesta rennsli í þessari stöðu komst bakvatnið í 243,7 sem er 0.3 sm yfir vatnshæðarmælinum, en það sýnir að bakvatnið getur farið upp sem svarar efsta vatnsborði að minnsta kosti áður en ráðandi rennslið truflast.


Í stöðu II koma bakvatnsáhrif í ljós þegar rennslið er meira en $27.5 \text{ m}^3/\text{s}$. Í þeiri stöðu er neðra vatnsborð 5.5 sm hærra en mælist við rennslið $27.5 \text{ m}^3/\text{s}$.

Í stöðu 3 koma bakvatnsáhrif í ljós þegar rennsli er meira en $10 \text{ m}^3/\text{s}$ í þeiri stöðu er bakvatnið 2 sm hærra en mælirinn.

Bakvætn hefur því ekki teljandi áhrif, fyrr en bakvatnshæðin er komin upp fyrir mælinn.

Mynd 1

N



Ljós

Vatnsháðarmálir i líkani



Slanga

Útina líkans

Haukadalssvæði

140

80

10

140

175

200

175

160

150

140

130

120

110

100

90

80

70

60

50

40

30

20

10

0

10

20

30

40

50

60

70

80

90

100

110

120

130

140

150

160

170

180

190

200

210

220

230

240

250

260

270

280

290

300

310

320

330

340

350

360

370

380

390

400

410

420

430

440

450

460

470

480

490

500

510

520

530

540

550

560

570

580

590

600

610

620

630

640

650

660

670

680

690

700

710

720

730

740

750

760

770

780

790

800

810

820

830

840

850

860

870

880

890

900

910

920

930

940

950

960

970

980

990

1000

1010

1020

1030

1040

1050

1060

1070

1080

1090

1100

1110

1120

1130

1140

1150

1160

1170

1180

1190

1200

1210

1220

1230

1240

1250

1260

1270

1280

1290

1300

1310

1320

1330

1340

1350

1360

1370

1380

1390

1400

1410

1420

1430

1440

1450

1460

1470

1480

1490

1500

1510

1520

1530

1540

1550

1560

1570

1580

1590

1600

1610

1620

1630

1640

1650

1660

1670

1680

1690

1700

1710

1720

1730

1740

1750

1760

1770

1780

1790

1800

1810

1820

1830

1840

1850

1860

1870

1880

1890

1900

1910

1920

1930

1940

1950

1960

1970

1980

1990


2000

Nóttúra
0 10 20 30 40 50 m

Líkan
0 2 m


ORKUSTOFTUNN	
HAUKADALSÁ	
Dýptarmæling	
8.4.1975 EE /Göd	Tím 11
1975.04.08.12.00	Tím 12
1975.04.08.12.00	Tím 1
1975.04.08.12.00	Tím 10
1975.04.08.12.00	Fnr 12577

Mynd 2



Hæð / cm
Módel Náttúra

HAUKADALSÁ, MÆLING Á LYKLI




+ Hæð á sp. á við
▽ Hæð á niður á við } Módel
○ Rennsísmælingar índittúrunni

4.3 975 JE - 77X
Haukadalsá
Rennsísmælingar Qimlys Hícm
Fnr 12578

HAUKADALSA, LANGSNÍD

Mynd 4





ORKUSTOFNUN
Straumfræðistöð

HAUKADALSÁ

LYKILL I LOG - LOG KVARÐA


14.3.1975

Tnr.14 Tnr.5

vhm 12 ORS 18

Fnr.12580

Mynd 5



ORKUSTOFNUN

14.3.1975 JE /Gyða

Tncl5


vhm 12

Fnr. 12581

Haukadalssá

Bakvatn 1:25

Mynd 6





3.0 mm/i litkani

140
120
100
80
60
40
20
0


Q m³/s

Mynd 7






Mynd nr. 8 Haukadalsá, líkanbygging



Mynd nr. 9 Haukadalsá, líkanbygging




Mynd 10. Horft upp eftir ánni. Rennsli 6 m³/s.



Mynd 11. Horft niður eftir ánni. Rennsli 6 m³/s.




Mynd 12. Horft upp eftir ánni. Rennsli $70 \text{ m}^3/\text{s}$.



Mynd 13. Horft niður eftir ánni. Rennsli $70 \text{ m}^3/\text{s}$.



Mynd 14. Horft upp eftir ánni. Rennsli $140 \text{ m}^3/\text{s}$.



Mynd 15. Horft niður eftir ánni. Rennsli $140 \text{ m}^3/\text{s}$.